

1


SKÍPULAG & UNDIRBÚNINGUR



- Skráið framkvæmdir í forrit, t.d. Avenza.
- Fá ið kort & gerið skipulag.
- Skráið svæðin sem plantað er í jafn óðum eða í kaffihléum og í lok dags.

2

FLUTNINGUR PLANTNA



- Flytjið plöntur í lokuðum bíl eða kerru.
- Flytjið einungis dagsskammt af plöntum á plöntunarstað.

3

GEYMSLA Á GRÓÐURSETNINGARSTAÐ



- Í skjóli og sem mestum skugga.
- Á sléttu undirlagi.
- Þar sem stutt er í vatn.

4


VÖKVUN PLANTNA



- Hafið rótarhnausinn alltaf það rakan að drjúpi úr honum þegar kreistur.
- Vökvið daglega.
- Viðhaldsáburðargjöf vikulega.

5

MEDHÖNDLUN PLANTNA



- Leggið bakkana varlega á jörðina.




- Hendið ekki bökkum á jörðina þegar verið er að umræða þeim.



- Vandið röðun plantna og bakka í plöntubelti.

6


GÆÐI GRÓÐURSETNINGAR



- Ekki gróðursetja of grunnt, þá þornar rótarhnausinn fljótt. Miðum við að efra borð hnaussins sé 2-5 cm undir yfirborði.
- Plantið lóðrétt, en ekki skakkt.
- Hnausinn á að vera beint ofan í jörðu, ekki J- eða U-laga.
- Þjappið með plöntunni, svo jarðvegurinn sé ekki of laus.
- Dreifið áburðinum (ca. 1 msk = 15g) í hring kringum plöntuna, ca. 10 cm radius.

7

AÐ VELJA STAÐ



- Forðist beran jarðveg vegna hættu á frostlyftingu.
- Plantið í jaðra þúfna, ekki ofan á þúfuna eða í miðjar dældir milli þeirra.
- Plantið skjólmegin við þúfu eða stein ef hægt er.

Í jarðunnið land:

1. Plantið á mótum rásarinnar og kúfsins.
2. Á mjög þurru landi má planta í botn rásar.
3. Á mjög blautu landi má planta ofan á kúfinn.

8

ÞÉTTLEIKI GRÓÐURSETNINGAR

Bil milli plantna	Fjöldi plantna í 50 m ² hring (r=3,99m)	Fjöldi plantna á ha
1,8 m	14-15	2800-3000
2,0 m	12-13	2400-2600
2,2 m	10-11	2000-2200
2,4 m	8-9	1600-1800
3,0 m	6-7	1200-1400

